

Umsögn Samtaka umgengnisforeldra vegna frumvarps til laga um breytingu á barnaverndarlögum nr. 80/2002.

Samtök umgengnisforeldra fagna frumvarpi til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002 (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni), sbr. Þingskjal 559 – 426. mál.

Samtökin byggja baráttu sína gegn umgengnistálmunum og umgengnistakmörkunum á þeirri staðreynd að kynbundið heimilisofbeldi er til og er samfélagsmeið sem verður að uppræta með öllum löglegum og málefnalegum leiðum. Þær leiðir sem samtökin leggja til svo að hægt verði að stemma stigu við umgengnistálmunum, eru ekki til þess fallnar að verja hagsmuni feðra sem beita barnsmæður og/eða börn ofbeldi eða vanrækslu. Að mati samtakanna er mikilvægt að allar leiðir til úrbóta séu til þess fallnar að auka öryggi barna og koma í veg fyrir ofbeldi innan veggja heimilis. Þessi forsenda starfs okkar er sett fram þar sem í tálmunarmálum eru gjarnan (alls ekki alltaf) settar fram ásakanir um ofbeldi á báða bóga.

Af þessum sökum telja samtökin mikilvægt að ef ásökun ratar á borð sýslumanns eða barnaverndar um umgengnistálmun, verði það samstundis að barnaverndarmáli. Þegar barnalögum var breytt 2011 voru málsmeðferð umgengnistálmana færðar frá barnaverndaryfirvöldum til sýslumanns, m.a. í því skyni að auka skilvirkni og stytta málsmeðferð. Þó viðurkennt sé að stytta þurfi málsmeðferð slíkra mála, er það álit samtakanna að ásakanir um umgengnistálmanir eigi heima á borði barnaverndaryfirvalda, þar sem ástæðulausar tálmanir eru bersýnilega ofbeldi gagnvart barni og umgengnisforeldri. Að auki ganga gjarnan ásakanir um ofbeldi á báða bóga, og er því mikilvægt að greitt sé úr slíkum málum hjá bærum yfirvöldum, sem eru barnaverndaryfirvöld sbr. sjónarmið stjórnsýsluréttar um málefnaleg valdmörk.

Samtökin taka að sér stjórnsýslumál fyrir félagsmenn vegna umgengnis og meðlagsmála, og hafa því fylgst með málsmeðferð sýslumanna í umgengnismálum, -bæði hvað varðar umgengnissamninga og hvernig sýslumaður vinnur með tálmunarmál. Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum eru lög og reglur þannig að tálmunarforeldri getur, ef viljinn er fyrir hendi, tálmað umgengni út í hið óendalega án þess að fá á sig dagsekt, með því að leika á reglur, og heimila umgengni þriðja hvern mánuð eða svo. Jafnvel þótt tálmunarforeldri leiki ekki á kerfið, og taki á sig dagsektir, er það engin trygging fyrir því að umgengni muni koma á aftur, ef tálmunarforeldri sættir sig við sektirnar, og er eftir atvikum greiðsluþrota fyrir. Málsmeðferð dagsekta er langt og strangt ferli þar sem foreldrar eru m.a. skyldaðir í sáttarmeðferð hjá sýslumanni. Alla jafna heldur tálmunin áfram á meðan sáttarmeðferð stendur, og hefur komið fyrir að umgengnisforeldrar fái ómálefnalega meðferð hjá sáttarmiðlara. Til samtakanna hafa komið feður sem segja að sáttamiðlari beiti stjórnsýsluvaldi í samtalsmeðferð með foreldrum, þar sem umgengnisforeldri er hótað skertri umgengni ef hann sættir sig ekki við afarkosti tálmunarmóður. Er honum svo sagt að ræða ekki innihald meðferðarinnar við þriðja aðila. Þessar upplýsingar eru mjög trúverðugar, og hafa komið frá mörgum aðilum sem lýsa sömu framkomu sáttarmiðlara hjá sýslumannsembættunum. Þannig hafa sáttamiðlarar tekið þátt í ofbeldinu og orðið í reynd aðilar deilunnar, í stað þess að koma á sáttum milli foreldra. Samtökin telja það lögbrot að sáttarmiðlari beiti stjórnsýsluvaldi í sáttameðferð og taki afstöðu með tálmunarforeldrinu t.d. þegar samið er um umgengni.

Samtökin vilja einnig vekja athygli á að sífellt algengara er að feður fái ekki að umgangast börn sín sem hafa flust með lögheimilisforeldra erlendis. Hefur það reynst erfitt fyrir feður að sækja rétt sinn innan stjórnsýslunnar, þar sem sýslumaður segir þeim að snúa sér til erlendra stjórnvalda til að koma á umgengni á nýjan leik. Í samtölum við innanríkisráðuneytið og utanríkisráðuneytið hefur komið þó fram að það sé í hlutverki innanríkisráðuneytis að tryggja rétta málsmeðferð erlendis vegna tálmunarmála, en enn er misbrestur á því hvað það varðar. Að auki hefur reynst erfitt eða ómögulegt að fá stjórnvöld Norðurlanda til að koma á umgengni ef faðir er búsettur á Íslandi.

Samtökin vilja einnig vekja athygli á að sífellt algengara er að feður, sem eru af erlendu bergi brotnir, leiti til samtakanna vegna tálmanir íslenskra lögheimilisforeldra. Vandir þeirra er sérstakur þar sem margir þeirra tala ekki íslensku og kunna ekki á íslenskt lagaumhverfi.

Samtökin telja mikilvægt að ástæðulausar umgengnistálmanir séu skilgreindar sem ofbeldi og sé refsivert lögum samkvæmt með sambærilegum hætti og önnur brot gegn börnum. Með tilliti til meðalhófsreglu og annarra reglna stjórnisýsluréttar, ber að skilja frumvarpið svo að um síðasta úrræði sé um að ræða og að önnur úrræði verði reynd fyrst, m.a. aðstoð til handa tálmunarforeldri, hvort heldur er vegna veikinda eða félagslegra aðstæðna. Samtökin vilja þó árétta að í mörgum tilfellum eru ekki um að ræða ásakanir milli foreldra, einkum í þeim tilfellum sem að barn fæðist utan sambúðar eða hjónabands. Í mörgum tilfellum er um að ræða hreint ofbeldi þar sem tálmunarforeldri hindrar umgengni vegna þess að það telur barninu fyrir bestu, og að það sé lögbundinn réttur þess foreldris.

Í þeim tilfellum þar sem ásakanir um ofbeldi eru á báða bóga, telja samtökin mikilvægt að barnaverndaryfirvöld hlutist til og meti áreiðanleika ásakana, og hvort þörf sé t.d. á umgengni með eftirliti eða hvort lögheimilisforeldrið eða umgengnisforeldrið þurfi á aðstoð á að halda. Samtökin vilja einnig vekja athygli á, að feður sem ekki hafa umgengnist börn sín vegna veikinda eða fátæktar, svo sem vegna geðsjúkdóma eða fíknivandamála, verða að eiga möguleika á að endurvekja tengsl við börn sín, þegar þeir hafa náð bata, og í samvinnu við barnaverndaryfirvöld. Ekki er hægt að dæma veikann mann sem óhæft foreldri alla tíð, ef viðkomandi hefur náð bata, og hefur sýnt fram á að hann sé hæfur til að sinna sínum uppeldisskyldum. Samtökin telja að barnaverndaryfirvöld geta haft hlutverki að gegna að koma á slíkri umgengni, um leið og öryggi og hagsmunir barnsins séu tryggðir.

Beiting dagsekta og aðfaragerð til að koma á umgengni, eru gölluð úrræði fyrir margar sakir. Eins og málum er fyrirkomið, eru dagsektir sendar til lögheimilisforeldris og kemur fram á erindinu að að sé að kröfu föður barnsins. eru þær upplýsingar gjarnan notaðar til foreldraútskýfunar og barninu sýnt kröfuna sem faðirinn gerði á hendur móðurinni, sem veldur eftir atvikum skertri framfærslu sem annars myndi fara í uppeldi barnsins. Bæði þessi úrræði virka því sem refsing á hendur barninu fremur en refsing fyrir hið brotlega foreldri. Mikilvægt er því að færa refsinguna frá barninu til hins brotlega foreldris. Að mati samtakanna koma þar úrræði eins og forræðissvipting eða í verstu tilfellunum fangelsisdómur, helst til álita.